

2019

HANDBÓK FORELDRARÖLTS

LEIÐARVÍSIR OG GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR
FYRIR FORELDRARÖLT



Andrea Marel
Eva Halldóra Guðmundsdóttir

FORELDRARÖLT

Foreldrarölt myndar tengsl og stuðlar að auknu samtali milli foreldra í hverfinu. Með því að taka þátt í foreldrarölti kynnist þú öðrum foreldrum og kynnist hverfinu þínu á annan hátt. Einnig hefur þú góð áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem börn hverfisins búa í. Nærvera fullorðinna þar sem unglings hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Slík nærvera gefur unglungunum líka tækifæri til að leita aðstoðar fullorðinna ef á þarf að halda.

TIL HVERS ER FORELDRARÖLT?

Við viljum vera til staðar fyrir börnin og unglingana okkar. Foreldraröltið minnkar líkurnar á því að unglings lendi í aðstæðum þar sem þeim líður illa eða eru í hættu.

Röltið er frábært tækifæri til að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglings, búa til tengslanet þeirra á milli og koma í veg fyrir hópamyndun unglings að loknum lögbundnum útivistartíma. Röltið er einnig gott verkfæri til að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Foreldrarölt á hlut í að auka öryggi íbúa hverfisins, þá sérstaklega barna og unglings.

Á foreldrarölti kortleggjum við hópamyndanir og annað sem fram fer utan útivistartíma í hverfinu. Hópamyndanir, einelti, ógnandi hegðun og slæm umgengni hefur áhrif á líðan barna og unglings. Það er hlutverk okkar, fullorðna fólksins, að gera það sem við getum til að öllum líði vel.



AF HVERJU ÞÚ?

Flestir unglingar búa við gott félagslegt taumhald og aðhald heima fyrir þar sem þau eiga og þurfa að fara eftir lögbundnum útvistartíma.

Lögin um útvistartíma kveða á um að börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttar- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna um tvær klukkustundir. Pessi lög miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

En af hverju ættir þú fyrirmynnarforeldrið að fara út, skilja þín börn eftir heima sem mega ekki vera úti á þessum tíma til að taka foreldrarölt að fylgjast með öðrum börnum og unglungum? Pátttaka þín hefur jákvæð áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem börnin þín og vinir þeirra búa við. Foreldraröltið býr til gott tengslanet og auðveldar samskipti meðal foreldra og forsjáraðila í hverfinu.

Besta forvörn óæskilegra hópamyndana unglingsa er sýnileiki fullorðinna.

Öryggi hverfisins er á okkar ábyrgð og því færri óæskilegar hópamyndanir og því meiri sýnileiki foreldra og forsjáraðila því betri forvörn gegn notkun vímuefna, einelti og ofbeldi. Allir þessir hlutir ógna öryggi hverfisins sem hefur huganlega bein eða óbein áhrif á þitt barn.

Ef þátttaka foreldra og forsjáraðila er góð er hægt er að skipuleggja röltið þannig að hvert foreldri ætti ekki að þurfa að rölt að hámarki 2-3 yfir skólaárið í two tíma í senn.

LEIÐBEININGAR FORELDRARÖLTS

Sýnileiki og merkingar foreldrarölt einskipta miklu máli. T.d. er hægt er að sækja um styrki til að kaupa endurskinsvesti hjá hverfissjóði Reykjavíkur (<https://reykjavik.is/hverfissjodur-reykjavikur>). Ef ekki eru til vesti má nota góð endurskinsmerki til að skreyta foreldrana og forsþáraðilana.

Röltið fer fram á föstudags- eða laugardagskvöldum eða í kringum viðburði sem gætu vakið áhuga unglings. Gott er að vera helst ekki færri en fimm, en þó svo einhvern vanti er mikilvægt að taka samt rölt um hverfið. Hægt er að hittast í félagsmiðstöðinni í hverfinu á fyrirfram ákveðnum tíma, í samráði við starfsfólk. Þar er hægt að fá sér kaffisopa og skipuleggja röltið. Ef rölt er á laugardegi er gott að vera í sambandi við starfsfólk félagsmiðstöðvar fyrr í vikunni ef þið þurfið komast inn í félagsmiðstöðina. Annars er hægt að hittast fyrir utan.

Rölt er um hverfið í teyminu. Gott er að fá hugmyndir að stöðum hjá félagsmiðstöðvastarfsfólki. Einnig er hægt að skoða kort af hverfinu og merkja inn staði sem þið ætlið að stoppa á. Skimað er eftir unglungum og óæskilegri hegðun/hópamyndun. Endilega spjalla vinalega við þau og hvetja þau til að fara heim þar sem útvistartíminn sé liðinn. Verði foreldrahópurinn var við t.d. ofbeldi, vímuefnaneyslu og/eða sölu eða eitthvað annað ólöglegt skal hringja strax á lögreglu. Þegar hringt er til lögreglunnar er gott að kynna sig sem hluta af foreldraröltinu. Gætið að ykkar öryggi og ekki stíga inn í aðstæður sem þið hafið ekki stjórn á.

Ef röltið gefur sig á tal við einhvern er mikilvægt er að foreldrar gangi ekki inn í aðstæður með offorsi eða valdi heldur beiti aðeins samskiptafærni sinni og leyfi svo lögreglu að sinna sínu starfi. Foreldraröltið er ekki með inngrípsvald. Mikilvægt er að þið séuð til taks ef unglingarnir þurfa á ykkur að halda. Hlýja og umhyggja skal alltaf höfð að leiðarljósi ef unglingar leita til ykkar eða þið hafið afskipti af hópum eða einstaklingum. Hlustið og leiðbeinið. Gott er að láta lögregluna vita að foreldrarölt sé í gangi í hverfinu þannig að þau geti brugðist við ef þarf að hringja til þeirra.

Að röltinu loknu er mikilvægt að skrifa skýrslu og skila til röltstjóra. (Sjá útskýringu röltstjóra á bls. 5 og hugmynd að skýrslu bls. 7). Skýrslurnar eru lykilatriði í skrásetningu á stöðu hverfisins.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar og ávallt halddið trúnaði um þau mál sem koma upp. Ekki skal ræða málefni þeirra einstaklinga eða atvika sem þið verðið vitni að á röltinu við óviðkomandi aðila. Einungis skal tilkynna til viðeigandi stofnanna og aðila ef þið hafið áhyggjur. Þar má nefna lögregluna, barnavernd, félagsmiðstöðina og skólann. Einstaklingar sem vinna innan þessara stofnanna eru öll bundin trúnaði og geta sett málid í viðeigandi farveg. Börn og unglingar eiga alltaf rétt á því að einkalíf þeirra sé virt. Einnig má ekki taka myndir af unglinguum og birta á samfélagsmiðlum né senda til fjölmíðla.

SKIPULAG FORELDRARÖLTS

Foreldrar og forsjáraðilar hafa gripið til þess ráðs að skipa röltstjóra til að halda utan um röltið. Bekkjarfulltrúar geta til dæmis séð um að skipa röltstjóra t.d. í hverjum árgangi eða sinnt því hlutverki sjálfir. Röltstjóri/bekkjarfulltrúi ásamt foreldrafélaginu þarf að ákveða þarf hvort fólk skrái sig á þá daga sem þeirra árgangur á eða hvort á að úthluta dögum og svo geti foreldrar skipt innbyrgðis ef þeir komast ekki. En mikilvægt er að foreldrar og forsjáraðilar standi saman í því að vaktirnar séu mannaðar. Röltstjórinn heldur svo utan um vaktirnar, símanúmer og póstföng. Einnig þarf röltstjórinn að halda utan um skýrslur foreldraröltssins og skila tvívar á skólaári til forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar sem kemur skýrslunni áfram. Skýrslurnar eru mikilvægur liður í upplýsingasöfnun um stöðu hverfisins.

Hvert hverfi þarf að koma upp hefð um hvernig þau vilja skipta foreldraröltinu á milli árganga. Til eru margskonar skipulagsaðferðir og hugmyndir. Til dæmis gæti hver árgangur séð um að manna einn mánuð í senn eða gætu helgar skipst á víxl milli árganga eða hvað sem hentar hverju hverfi best (sjá dæmi um árgangaskiptingu á bls 6).

Röltstjórar geta sett sig í samband við félagsmiðstöðina til að skipuleggja röltið með þeim. Þau vita oft hvar og hvenær þörfin á rölti er mest. Í samráði við þau er hægt að ákveða hvaða staði þarf alltaf að kíkja á í hverfinu. Einnig er gott að fylgjast með hvort viðburðir séu í gangi í hverfinu þar sem ungligar gætu viljað hópa sig saman.

Pað þarf að hafa fastan upphafsstað og upphafstíma þar sem hægt er að nálgast vesti/endurskinsmerki. Þetta getur til dæmis verið félagsmiðstöðin.

Röltstjórar geta haldið utan um skýrslur í einskonar samskiptabók. Samskiptabókin getur verið á netinu t.d. í gegnum tölvupósta, google sheets, google docs eða google forms. Ef hentar betur að halda utan um röltin í áþreyfanlegri bók er hægt að fá að geyma hana í félagsmiðstöð hverfisins eða röltstjórar geyma hana. Í skýrslu er gott að skrifa hvort eitthvað markvert hafi átt sér stað. Einhver staður fundist sem vert er að fylgjast með eða eitthvað sem mikilvægt er að næsti hópur hafi í huga (sjá hugmynd að skýrslu bls. 7).

Pað skiptir miklu máli að boða fólk á þeirra vaktir. Röltstjórar geta sent tölvupóst á fólk sem er skráð á vakt til að minna á hvenær það á að mæta. Gott er að biðja um að fólk staðfesta móttöku póstsins og jafnvel hringja í það fólk sem ekki svarar tölvupóstinum. Sumum þykir gott að búa Facebook hót til að halda utan um skipulagið og minna fólk á röltið.

HUGMYND AÐ ÁRGANGASKIPTINGU

Miðað við skólaárið 2019-2020

10.bekkur:

- 6. september kl. 22:00-00:00
- 4. október 22:00-00:00
- 1. nóvember 22:00-00:00
- 6. desember 22:00-00:00
- 3. janúar kl. 22:00-00:00
- 7. febrúar 22:00-00:00
- 6. mars 22:00-00:00
- 3. apríl kl. 22:00-00:00

9.bekkur:

- 13. september kl. 22:00-00:00
- 11. október kl. 22:00-00:00
- 8. nóvember kl. 22:00-00:00
- 13. desember kl. 22:00-00:00
- 10. janúar kl. 22:00-00:00
- 14. febrúar kl. 22:00-00:00
- 13. mars kl. 22:00-00:00
- 8.maí kl. 22:00-00:00

8.bekkur:

- 20. september kl. 22:00-00:00
- 18. október kl. 22:00-00:00
- 15. nóvember kl. 22:00-00:00
- 17. janúar kl. 22:00-00:00
- 21. febrúar kl. 22:00-00:00
- 20. mars kl. 22:00-00:00
- 17. apríl kl. 22:00-00:00
- 22. maí kl. 22:00-00:00

7.bekkur:

- 27. september kl. 22:00-00:00
- 25. október kl. 22:00-00:00
- 22. nóvember kl. 22:00-00:00
- 24. janúar kl. 22:00-00:00
- 28. febrúar kl. 22:00-00:00
- 27. mars kl. 22:00-00:00
- 24. apríl kl. 22:00-00:00
- 29. maí kl. 22:00-00:00

5.- og 6. bekkur:

- 29. nóvember kl. 22:00-00:00
- 31. janúar kl. 22:00-00:00
- 3. apríl kl. 22:00-00:00
- 1. maí kl. 22:00-00:00
- 15. maí kl. 22:00-00:00

FORELDRARÖLT - SKÝRSLA

DAGSETNING OG TÍMI FORELDRARÖLTS:

(Dæmi: Rölt hófst og lauk 1.desember kl 22:00-01:00.)

SKÓLAHVERFI:

(Dæmi: Austurbæjarskóli – miðborg Reykjavíkur.)

FORELDRAR Á VAKT:

(Dæmi: 5 foreldrar unglings í 8.-AB)

HVERNIG VAR VEÐRIÐ?:

(Dæmi: Gott veður en byrjaði að rigna lok rölt eins.)

STUTT LÝSING Á GÖNGULEIÐ:

(T.d. hvaða götur voru gengnar, hvaða svæði/staðir voru heimsóttir)

STAÐAN Í HVERFINU Í KVÖLD:

(Dæmi: Voru unglings á ferli eftir að útvistartíma lauk? Vakti eitthvað áhyggjur eða undrun? Purfti að bregðast við aðstæðum eða hafa samband við lögreglu?)


TENGILIÐUR SEM HÆGT ER AÐ HAFA SAMBAND VIÐ SÍÐAR EF SPURNINGAR VAKNA UM RÖLT KVÖLDSINS:

(Nafn og símanúmer).

EITTHVAÐ ANNAÐ SEM GÖNGUTEYMIÐ VILL AÐ KOMI FRAM?

(Dæmi: teymið frétti af tónleikum í Hörpu þar sem margir unglings áttu miða. Ákveðið var að kíkja þangað fyrst og taka stöðuna og hvort þar væri einhver drykkja).

HVERFASKIPTING REYKJAVÍKURBORGAR



Gott er fyrir röltstjórana að setja saman lista af stöðum innan hverfisins sem foreldraröltið kíkir alltaf á.
Sniðugt er að vera í samráði við forstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar við samsetningu listans.

Við gerð þessarar handbókar var stuðst við reynslu starfsfólks félagsmiðstöðva Tjarnarinnar og einnig notast við upplýsingar af síðu Samfoks. (<http://samfok.is/foreldrafelog/foreldrarolt>).
Við hvetjum alla til að kynna sér síðuna.